
Framleiðsluaukning og stækkun á fiskeldi Samherja á Núpum, Sveitarfélaginu Ölfusi Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 11. desember 2018 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Samherja um fyrirhugaða framleiðsluaukningu og stækkun á fiskeldi Samherja á Núpum, Sveitarfélaginu Ölfusi, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 1.11 og 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Sveitarfélagsins Ölfuss, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Framleiðsluaukning og stækkun Samherja fiskeldi á Núpum. Fyrirspurn um matsskyldu. Samherji, nóvember 2018.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Sveitarfélaginu Ölfusi með tölvupósti dags. 13. Mars 2019
- Fiskistofu með bréfi dags. 16. janúar 2019
- Hafrannsóknastofnun með bréfi dags. 18. janúar 2019
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 3. janúar 2019
- Matvælastofnun með bréfi dags. 4. janúar 2019
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 2. janúar 2019
- Umhverfisstofnun með bréfum dags. 11. janúar og 22. febrúar 2019

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfum dags. 20. janúar, 6. og 22. febrúar 2019.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að fyrirhugað sé að auka framleiðslu úr 150 tonnum í 300 tonn á ári. Áætlað sé að reisa nýtt eldishús á grunni eldra húss sem brann og verði nýja húsið um 20 metrum lengra og gólfplötur stækka um 260 m². Stefnt sé að því að auka eldisrýmið úr 1.466 m³ í um 2.600 m³ með því að setja eldiskör í viðbyggingu og skipta út eldri kerjum fyrir stærri ker.

Fram kemur að eldisaðstaðan á Núpum muni eftir stækkun samanstanda af klakhúsi, frumeldishúsi og aðaleldishúsi (alls 2.325 m²) ásamt 6 yfirbyggðum útikerjum (385 m²). Laxahrogn séu og verði keypt af Stofnfiski og bleikjuhrogn frá Hólum eða fengin frá klakfiskastöð Samherja fiskeldis í Sigtúnum. Engin lyf verði notuð í eldinu önnur en viðurkennd bóluefni og allur fiskur verði bólusettur fyrir flutning úr stöðinni. Öll laxaseiði eru svo flutt í eldistöð Samherja í Öxarfirði.

Vatnsnotkun

Fram kemur að vatn til eldisins sé fengið úr Gvendarbrunnum, Flóðalæk og Sandá og gufa úr Núpaholu. Vatnsnotkun í dag sé um 240-250 l/sek. Ekki sé gert ráð fyrir að vatnsnotkun aukist við stækkun þar sem vatn verði endurnýtt aukist vatnspörf umfram núverandi notkun.



Fóðurnotkun

Fram kemur að fóður komi frá fóðurverksmiðjunni Laxá og startfóður frá Skretting og BioMar. Fóðurnotkun muni miðast við 1,0 kg fóður/kg fisk. Til standi að útbúa ný ker þannig að affall sé sýnilegt og þannig verði hægt að fylgjast mjög náíð með fóðrun, hámarka fóðurnýtingu og fjarlægja dauðan fisk með auðveldum hætti.

Fráveita

Fram kemur að stálistar séu við frárennsli í hverju kerri sem varni því að fiskur sleppi. Frárennslið verði sameinað í eina frárennislögn og renni í settank. Síðan verði það síað í gegnum tromlufilter og 100 µm síudúk sem sé 100% fiskheldur áður en það renni út í Sandá er sameinist Varmá. Sá möguleiki sé fyrir hendi að leiða frárennsli frá tromlufilter í viðbótar settank ef þess verði talin þörf.

Förgun úrgangs

Fram kemur að seyra úr settanki sé urðuð á urðunarsvæðinu í Álfsnesi og dauður fiskur nýttur í loðdýrafóður eða urðaður.

Umhverfisstofnun minnir á lög um meðhöndlun úrgangs og tengda reglugerð nr. 737/2003 sem og reglugerð um endurnýtingu úrgangs þar sem fram komi að lífrænn úrgangur skuli meðhöndlaður í samræmi við forgangsröðun við meðhöndlun úrgangs að eins miklu leyti og unnt sé.

Samlegð með öðru fiskeldi

Fram kemur að í Ölfusi séu þrjár eldisstöðvar auk Núpa (150 t verði 300 t), það eru seiðastöð Samherja fiskeldis á Öxnalæk (100 t) og stöðvar Laxa fiskeldis á Fiskalóni og Bakka II (samanlagt 40 t). Frárennsli Núpa fari í Sandá er falli síðan í Varmá, frá Öxnalæk fari frárennsli beint í Varmá er kallast Þorleifslækur eftir að Sandá fellur í hana. Frá Bakka og Fiskalóni fari frárennsli í minni viðtaka, læki og skurði, er falli að lokum í Þorleifslæk sem síðan renni í Ölfusá. Tekið er fram að Varmá/Þorleifslækur sé á náttúruminjaskrá. Sammögnunarhrif vegna starfseminnar hljóti að teljast afar ólíkleg.

4 UMHVERFISÁHRIF

Slyasleppingar

Fram kemur í greinagerð að hætta á að eldisfiskur sleppi út í umhverfið sé mjög lítil vegna rista og síubúnaðar í fráveitu.

Fiskistofa bendir á að með sleppivörnum stöðvarinnar sé ólíklegt að fiskar geti sloppið lifandi og því telji Fiskistofa ekki að starfsemin geti haft mikil áhrif á laxfiska. Bent er á að ef fiskar sleppi frá eldisstöð skuli aðgerðir skipulagðar í samráði við fulltrúa Fiskistofu.

Í svari Samherja fiskeldis er bent á að í gæðakerfi stöðvarinnar sé skýrt tekið fram að ef fiskur sleppi skuli gera Fiskistofu viðvart.

Hafrannsóknastofnun bendir á varðandi eldisstarfsemi á svæðinu að stofnunin telji mikilvægt að kanna grunnástand á vatnasvæði Varmár, tegundasamsetningu seiða, þéttleika og uppruna þeirra (erfðafræði) m.t.t. þess hvort fiskar af eldisuppruna séu til staðar á vatnasvæðinu og þá í hve miklum mæli. Gert sé ráð fyrir að alin verði seiði af norskum eldisstofni laxa og kynbættum eldisstofni bleikju en stofnar laxfiska séu í Varmá/Þorleifslæk og á svæðinu séu ríkir veiðihagsmunir og mikilvægt að framandi stofnar geti ekki sloppið út í umhverfið og blandast þeim stofnum sem fyrir séu.

Í svari Samherja fiskeldis er fullyrt að sleppi- og mengunarvarnir stöðvarinnar geri það að verkum að hætta á sleppingum séu hverfandi og ekki hafi orðið vart við slyasleppingar hingað til.



Í umsögn Matvælastofnunar kemur fram að stofnunin gefi út rekstrarleyfi í samræmi við lög um fiskeldi og reglugerð um fiskeldi auk þess sem stofnunin hafi eftirlit með fisksjúkdómum og forvörnum gegn þeim, í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Í eftirlitsskýrslum Matvælastofnunar 2017 hafi verið skráð tvö frávik hjá stöðinni og úrbætur verið gerðar á því sem þar kom fram. Engar athugasemdir eru gerðar varðandi fisksjúkdóma og forvarnir gegn þeim.

Viðtaki fráveitu

Fram kemur að helstu úrgangsefnin í frárennslisvatni sem mögulega geti haft áhrif á viðtaka séu svifagnir, köfnunarefni og fosfór. Þar sem notað verði hlutfallslega mikið vatn, miðað við lífmassa í eldinu, verði útpýnning næringarefna mikil og hætta á ofauðgun því lítil.

Hafrannsóknastofnun bendir á að heildarframleiðsla á vatnasviði Varmár/Þorleifslækjar gæti orðið um 520 tonn og ástæða sé til að skoða samlegðaráhrif framkvæmda og meta áhrif af þeirri starfsemi sem þegar sé til staðar. Svæðið sé viðkvæmt og Varmá ásamt Ölfusforum á náttúruminjasrá. Einnig sé ört vaxandi byggð sem fylgi m.a. frárennslis skólps frá hreinsistöð.

Umhverfisstofnun bendir á að í stöðuskýrslu fyrir vatnasvæði Íslands (2013) sé Ölfusá sett í óvissuflokk auk þess segi um Varmá: „talið að nokkurt staðbundið álag sé á ánni m.a. frá fiskeldi í Ölfusi og staðbundinnar saurkóligerlamengunar í grennd við skólþútrás“. Að mati stofnunarinnar þurfi að fjalla um hvaða áhrif aukið frárennslis frá starfseminni muni hafa á árnar út frá fyrirliggjandi mati á álagi á þessi vatnshlot og m.t.t. áforma eldisstöðvarinnar Bakka (100 tonn/ári), framleiðslu Fiskalóns 20 tonn/ári og Öxnarlækjar 100 tonn/ári. Samtals séu áform 520 tonn/ári og skýra þurfi álag á viðtakann út frá standandi lífmassa hverju sinni.

Að mati stofnunarinnar þurfi að fjalla nánar um allt frárennslis í Ölfusá frá nálægum iðnaði á svæðinu og möguleg áhrif þess á þau vatnshlot, sérstaklega ef það sameinist í fremur vatnslítilli á líkt og Varmá/Þorleifslæk.

Í svörum Samherja kemur fram að ef miðað sé að aðrir framleiðendur á svæðinu noti fóður með svipaðan næringarstuðul og fyrsta stigs hreinsun á frárennslis gæti lífrænn úrgangur orðið eftirfarandi.

Vísað er til úttektar Iðntæknistofnunar á efnabókhalda við seiðaeldið að Núpum á árunum 2005-2006 en þá voru forsendur mjög svipaðar og í dag hvað varðar framleiðslu og hreinsun frárennslis. Í ljósi niðurstæðna skýrslu Iðntæknistofnunar megi gera ráð fyrir að helstu áhrif fyrirhugaðrar framleiðsluaukningar komi til með að felast í aukinni losun á köfnunarefni í viðtakann.

Eins og bent sé á í tilkynningunni muni rekstraraðili setja upp nýja vöktunaráætlun á frárennslis og viðtaka í samráði við Umhverfisstofnun þegar nýtt leyfi verði gefið út. Áfram verði fylgst vel með virkni hreinsibúnaðar og þess gætt að losun lífrænna efna fari ekki yfir sett mörk. Auðvelt verði að bregðast við ef niðurstöður mælist yfir mörkum. Sá möguleiki sé þegar fyrir hendi að leiða frárennslis úr tromlufilter í auka settank sem þegar sé til staðar og einnig sé hægt að auka tíðni á losun aðal settanks.

Hafrannsóknastofnun bendir á að leggja verði áherslu á að þol viðtakans gagnvart næringarefnum liggja fyrir svo gera megi sér grein fyrir mögulegum áhrifum á hann.

Lausleg framburðargreining stofnunarinnar (ekki styrk) áætlað að framburður geti verið 0,3 tonn P á ári, 0,6 tonn N á ári og 5,1 tonn C á ári og meðalrennslis 250 l/s sem gefi meðalstyrk P 38 µg/l, N 76 µg/l og C 0,6 mg/l. ef upphaflegur efnastyrkur vatnsins sem þessi næringarefni blandast við sé nánast 0. Erfitt sé að segja hver styrkurinn verði á hverjum tíma en líkur séu til að svona vatn myndi falla í B flokk v. fosfórs en A flokk v. köfnunarefnis.

Liggja þurfi fyrir nánari greining á þessum þáttum og ef vatnshlot nái ekki góðu líffræðilegu ástandi skv. lögum nr. 36/2011 beri að gera ráðstafanir til að upphæfja þau og gæti það lagt skyldur á herðar starfsemi á viðkomandi svæði.



Umhverfisstofnun bendir á að hámarks lífmassi í stöðinni eftir stækkun verði milli 100 og 120 tonn en stofnunin telur að umfjöllun um standandi lífmassa stöðvarinnar hverju sinni sé ekki fullnægjandi. Rekstraraðili þurfi því að veita frekari upplýsingar um framleiðslulotur starfseminnar til þess að hægt sé að meta álag á viðtakann.

Í svörum Samherja fiskeldis kemur fram að varðandi losun á hverjum tíma ætti áætlun um standandi lífmassa eftir mánuðum að endurspegla sveiflur sem komi til með að verða í losun lífrænna efna. Lífmassi eftir stækkun sé áætlaður 60 (mars) til 116 (júlí) tonn á mánuði miðað við framleiðslu á 300 tonnum af seiðum. Ef vöktun sýni að losun lífrænna efna fari yfir mörk í starfsleyfi verði auðvelt að bregðast við, leiða frárennsli frá tromlufilter í auka settank og auka tíðni losunar settanks. Einnig sé unnið að endurbótum ljósastýringar í klakfiskastöðinni í Sigtúnum og muni það leiða til þess að enn minni sveiflur verði á standandi lífmassa í seiðaeldisstöðinni.

Almennt sé nokkur óvissa um líffræðilegt ástand og þol Varmár/Þorleifslækjar ásamt hliðarám - lækjum á vatnasviðinu sem viðtaka, einkum vegna samlegðaráhrif við aðra starfsemi sem getur haft áhrif á vatnsgæði og lífríki svæðisins.

Í frekari umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að áætluð losun næringarefna, köfnunarefnis og fosfórs, frá Núpum, sé undir þeim mörkum sem sett séu í starfsleyfi. Engin ummerki séu um að álag á Ölfusforir eða ána sé of mikið en ljóst sé að umrædd framleiðsluaukning sé talsverð viðbót, sérstaklega með öðrum stækkunaráætlunum á svæðinu. Með vísan í framangreint telji Umhverfisstofnun að losun frá eldisstöðinni Núpum sé ekki líkleg til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Vísað sé til þess að mat á lífrænu álagi heildarlosunar á svæðinu liggja ekki fyrir en stofnunin hafi heimild til að krefja rekstraraðila á svæðinu um nauðsynlega vöktun.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022. Skipulagsstofnun bendir á að ekkert deiliskipulag sé í gildi fyrir svæðið og að æskilegt sé að það sé gert. Skipulagsstofnun telur að endurbygging og stækkun eldishúss kalli á skipulagsmeðferð, annaðhvort gerð deiliskipulags skv. 41. gr. skipulagslaga eða grenndarkynningu leyfisumsóknar skv. 44. gr. skipulagslaga.

Framkvæmdin er háð byggingarleyfi og eftir atvikum framkvæmdaleyfi samkvæmt skipulagslögum og mannvirkjalögum. Einnig starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Einnig þarf rekstrarleyfi frá Matvælastofnun í samræmi við lög um fiskeldi og reglugerð um fiskeldi. Þá þarf nýtingarleyfi Orkustofnunar til vatnstöku, liggja það ekki fyrir nú þegar, samkvæmt lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða stækkun seiðaeldisstöðvar Samherja á Núpum í Ölfusi, úr 50 tonna framleiðslu á ári af bleikjuseiðum í 200 tonn á ári en framleiðsla á laxaseiðum verður áfram 100 tonn á ári. Áætlað er að reisa nýtt eldishús á grunni eldra húss sem brann og verður nýja húsið um 20 metrum lengra og gólfllötur stækkar um 260 m². Stefnt er að því að auka eldisrymið úr 1466 m³ í um 2600 m³ með því að setja eldiskör í viðbyggingu og skipta út eldri kerjum fyrir stærri ker. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og liðum 1.11 og 13.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.



Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal einkum taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, sammögnunaráhrifum með öðrum framkvæmdum, nýtingu náttúruauðlinda, úrgangsmýndun og mengun, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Með hliðsjón af eðli framkvæmdarinnar og framlögðum gögnum telur Skipulagsstofnun að við mat á því hvort fyrirhuguð framleiðsluaukning hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif beri fyrst og fremst að horfa til mögulegra áhrifa framkvæmdarinnar á tvo umhverfisþætti. Það er áhrif frárennslis á lífríki í vatni og áhrif mögulegra slysasleppinga á villta laxa.

Fyrir liggur að framleiðsluaukningin muni hafa í för með sér að magn næringarefna er berast frá stöðinni eykst en með því að veita affallsvatni frá tromlusíu í settank og auka tíðni losunar settanka megi draga úr aukningu á magni næringarefna.

Frárennslis frá stöðinni fer í læk sem rennur í Sandá er sameinist Varmá/Þorleifslæk sem fellur í Ölfusá. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram sú niðurstaða að losun næringarefna, köfnunarefnis og fosfórs, frá Núpum, með tilheyrandi hreinsun með tromlum, sé undir þeim mörkum sem sett séu í starfsleyfi. Engin ummerki hafi enn komið fram sem bendi til þess að álag á Ölfusforir eða ár sé of mikið en ljóst sé að umrædd framleiðsluaukning sé talsverð viðbót, sérstaklega í ljósi annarra framkvæmda á svæðinu sem einnig séu í stækkunarferli.

Hvað samlegðaráhrif vegna frárennslis með annarri starfsemi á svæðinu varðar er ljóst að fyrirhuguð heildarlosun í viðtakann Varmá/Þorleifslæk verður talsverð. Fiskeldisstöðin við Öxnalæk losar frárennslis beint í Varmá nokkuð ofan ármóta Sandár en gera má ráð fyrir einhverri þynningu í Varmá þar til Sandá með affall frá Núpum fellur í hana. Frárennslis frá Fiskalóni og Bakka fer beint í skurðakerfi Ölfusfora og þaðan í viðtakann Varmá/Þorleifslæk. Líklegt er að frárennslis frá Bakka fari að mestu í neðsta hluta Þorleifslækjar þar sem hann mætir Ölfusá en ekki er hægt að útiloka að einhver hluti þess rati í skurði sem liggja að Þorleifslæk ofar ásamt frárennslis frá Fiskalóni.

Í eldisstöðinni á Núpum verður alinn kynbættur eldislax af norskum uppruna. Sleppi fiskur úr stöðinni er möguleiki á erfðablöndun við villta laxastofna. Fram kemur að ristar verði í yfirfalli í öllum kerjum ásamt því að frárennslis fari í gegnum rist og tromlusíu. Með hliðsjón af sleppivörnum stöðvarinnar telur Skipulagsstofnun ólíklegt að fiskur sleppi frá stöðinni.

Þar sem gert er ráð fyrir aukinni endurnýtingu á vatni samhliða framleiðsluaukningunni og að vatnsvinnsla aukist ekki umfram það sem nú er telur Skipulagsstofnun fyrirhugaða breytingu á framkvæmd ekki hafa áhrif á grunnvatn.

Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, svo sem verndarákvæðum, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd, alþjóðlegra viðmiða og álagspols náttúrunnar sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Frárennslis frá stöðinni fer í læk er rennur í Sandá og í viðtakann Varmá/Þorleifslæk sem eru innan svæðis á náttúruminjasrá.

Í stöðuskýrslu um vatnasvæði Íslands frá árinu 2013 kemur fram að Varmá/Þorleifslækur sé ekki í hættu vegna mengandi starfsemi. Þó er talið að staðbundið álag á ána sé nokkuð, m.a. vegna fiskeldis í Ölfusi. Verði fyrirhuguð áform fiskeldisstöðva í Ölfusi að veruleika má gera ráð fyrir að staðbundið álag aukist. Skipulagsstofnun telur að hægt verði að koma í veg fyrir að gengið verði of nærri álagspoli náttúrunnar með virkri vöktun á viðtaka, þ.e. Varmá/Þorleifslæk og mótvægisáðgerðum sem geta falist í frekari hreinsun eða minni framleiðslu komi til þess að Umhverfisstofnun ákveði að endurskoða starfsleyfi í ljósi niðurstaða vöktunar.



Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eiginleikum hugsanlegra áhrifa framkvæmda að teknu tilliti til eðlis og staðsetningar framkvæmdar, svo sem stærðar áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, afturkræfni áhrifa og sammögnunar ólíkra umhverfisáhrifa á tileknu svæði, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Skipulagsstofnun telur að áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar felist einna helst í mögulegum áhrifum frárennslis á Varmá/Þorleifslæk og sér í lagi með tilliti til samlegðaráhrifa með annarri starfsemi sem losar frárennslis í ána. Óvissa er um áhrif fyrirhugaðrar heildarlosunar á svæðinu en Skipulagsstofnun telur að með virkri vöktun árinna og mögulegum mótvægisaðgerðum, sem geta falist í endurskoðun starfsleyfa, séu litlar líkur á að gengið verði of nærri álagspoli náttúrunnar.

Að mati Skipulagsstofnunar er líklegt að önnur áhrif framkvæmdarinnar verði óveruleg.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 15. apríl 2019.

Reykjavík, 12. mars 2019

Jakob Gunnarsson

Jón Þórir Þorvaldsson